



## Áin Ganges

Áin Ganges, eða hin mikla móðir, er næst stærsta áin á Indlandsskaga, yfir 2000 km löng. Áin á upptök sín í vesturhluta Himalayafjalla og rennur í suðaustur átt yfir skagann með ósa í Bengalflóa sem er hafið austan við Indlandsskaga. Dalurinn í kringum ána er mjög frjósamur og margar merkar borgir hafa staðið við hana.



Ganges er háheilög í augum hindúa en þeir trúa því að ef þeir baði sig í fljótinu hreinsist þeir af syndum sínum og auðveldi þannig leið sína til frelsunar. Á hverjum degi fara um 60.000 manns niður að ánni til að þvo sér. Auk þess ferðast Indverjar langar leiðir til að dreifa ösku látinna ættinga sinn í ána svo að sál þeirra megi losna undan endurfæðingu og ná sameiningu með alheimssálinni, Brahman.

**Himalayafjöllin** eru hæsti fjallgarður heims og nær yfir 6 lönd: Bútan, Kína, Indland, Nepal, Pakistan og Afganistan.

Hindúar trúa því að þegar líkaminn deyr lifi sálin áfram og **endurfæðist** í öðrum líkama.

Yfirleitt er talað um sjö helgar ár á Indlandi og þar er Ganges helgust. Hindúar líta á árnar sem kvenkyns og dýrka þær sem gyðjur. Gyðja Ganges heitir Ganga og er yfirleitt sýnd ríðandi á krókódíl. Í kaflanum *Hvernig áin Ganges varð til* getur þú lesið söguna um hvernig áin Ganges kom til jarðarinnar.

## Spurningar

1. Hvað er áin Ganges oft kölluð?
2. Hvers vegna heldur þú að hún sé kölluð það?
3. Hvers vegna vilja hindúar baða sig í ánni?
4. Hvers vegna heldur þú að hindúar líti svo á að árnar séu gyðjur?